

ÞEIR SÝNA Í GALLERÍ SÚM



Magnús Pálsson og Birgir Andrésón eru með sýningu í Gallerí SÚM við Vatnsstíg. Þeir sýna þar 20 verk af margvíslegri gerð.

Magnús er orðinn sviðsvanur í listinni. Hann hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði hérlendis og erlendis. Að þessu sinni er hann með verk sem erfið er að ímynda sér í föstu formi. Svo sem ást, dalalæðu svo dæmi séu nefnd. Þessa hluti hefur hann mótað úr gífsi.

Verk Birigs eru margbreytileg. Hlutir sem hann hefur mótað og einnig er hann með ljósmyndir og fleira. Þá verður Birgir með svokallað „performans“.

— EKG.

Rammíslensk tíska í Laugardalshöllinni

Veturinn gengur senn í garð og tímabært er að huga náið að vetrartískunni. Á sýningunni Íslensk fót '76 gefst kostur á að skoða rammíslensk fót á íburðarmestu og stærstu tiskusýningum sem haldnar hafa verið hérlendis. Á hverri sýningu verða sýnd 165 atriði allt frá nærfatnaði til Mokkajakka og kápa.

Jafnframt verða kynntar á sýningunni fjórar ábrar iðngreinar: Hárgreidsla og hárskurður. Komid hefur verið upp hárgreidslustofu og rakarstofu í anddyri Laugardalshallarinnar þar sem sýningarestum er boðið upp á ókeypis hársnyrtingu. Þá gefst gestum líka kostur á að kynna kjólasaumi og klæðskerasaumi.

Sýningargestir geta jafnframt reynt á heppnina. Dag hvern kl. 21 er dreginn út happdrættisvinningur sem er íslenskur fatnaður fyrir 25.000.-kr og í lok sýningarinnar verður aðalvinningur dreginn, en hann er íslenskur fatnaður að eigin vali á alla fjölskylduna að andvirði 200.000 kr.

Sýningin er opin almenningi frá kl. 15-22 á virkum dögum, en laugardaga og sunnudaga frá kl. 14-22. Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld.



SÝNINGAR

Hamragarðar.
Anton Einarsson heldur sýningu á verkum sínum.
Norræna húsið.
Septem-sýning. Á sýningunni eru liðlega 50 listaverk eftir 7 listame n: Þorvald Skúlason, Valtý Pétursson, Karl Kvaran,

Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson, Sigurjón Ólafsson og Guðmundu Andrésdóttur. Sýningin er opin daglega frá kl. 2-10.
Kjarvalsstaðir.
Haustsýning FÍM. Sýningin er opin daglega kl. 4-10 nema laugardaga og sunnudaga kl. 2-10. Henni lýkur á sunnudagskvöld.
Listasafn Íslands.

Yfirlitssýning á íslenski myndlist. Flest verkin eru í eigu safnsins.
Bogasalur.
Sýningin: „Brúðkaup og brúðarskart“.
Stúdentakjallarinn.
Valtingojer sýnir 8 graffikmyndir og 7 teikningar. Sýningin er opin daglega frá kl. 2-6 og 7-11.30. Hún stendur út septembermánuð.

BÖLLIN

Hótel Saga.
Hljómsveit Arna Ísleifssonar leikur í Súlnasal föstudag, laugardags- og sunnudagskvöld.
Hótel Borg.
Hljómsveit Hauks Mortens skemmtir um helgina.
Klúbburinn.
Lena og Sóló leika föstudags- og laugardagskvöld. Eik og diskótek sunnudagskvöld.
Tjarnarbúð
Celcius skemmtir föstudagskvöld. Laugardagur Eik skemmtir.
Röðull.
Stúlatríó skemmtir föstudags-

kvöld. Alfa Beta laugardagskvöld.

Sigtún.
Pónik og Einar skemmta föstudags- og laugardagskvöld. Þeir leika einnig fyrir nýju og gömlu dönsunum á sunnudagskvöld.
Glæsibær.
Stormar leika fyrir dansi um helgina.
Skiphöll.
Hljómsveit Gunnlaugs Pálssonar skemmtir um helgina.
Óbal. Diskótek.
Sesar. Diskótek.

Böll úti á landi.
Stapi.
Lónli blú bojs leika og syngja föstudagskvöld.

Hótel Höfn, Siglufirði.
Haukar skemmta á föstudagskvöld.

Stykkishólmur.
Hljómsveitin Paradis skemmtir föstudagskvöld.
Freyvangur, Eyjaf.
Haukar skemmta laugardagskvöld.
Lýsuhöll, Snæfellsn.
Celcius leikur laugardagskvöld.
Aratung
Lónli blúbojs skemmta á laugardagskvöld.
Hellubíó.
Hljómsveitin Venus skemmtir laugardagskvöld.
Miðgarður, Skagaf.
Hljómsveit Þorsteins Guðmundssonar skemmtir á laugardagskvöld.

SÍÐUSTU DAGAR HAUSTSÝNINGAR '76



Séð yfir annan sýningarsalinn á Kjarvalsstöðum.

Góð aðsókn hefur verið að Haustsýningu FÍM að Kjarvalsstöðum og fjöldi verka selst. Þeirri nýbreytni að hafa tónleika og kvikmyndasýningar hefur verið tekið mjög vel og láttlaus aðsókn verið að kvikmyndasýningunum.

Í dag kl. 17 verða sýndar kvikmyndir um þrjá listmálara, þá Max Bekmann, Francis Bacon og Hundertwasser. Kl. 20


„Forverar í nútímalist“.
Fjallað verður um fjóra listamenn: Picasso, Braque, Matisse og Paul Keel.

Á laugardag kl. 17 verða aftur sýndar myndir um Beckmann, Bacon og Hundertwasser.

Á sunnudag kl. 17 verða sýndar fimm stuttar myndir: Á mörkum hugaróra Surrealisminn, Dýrd Bolans og Dada og Nýdada.

Á laugardag milli kl. 15 og 17 mun söngflokkurinn Hljómeyki syngja þrisvar sinnum að Kjarvalsstöðum. Efnisskráin er blönduð og verða flutt lög eftir innlenda og erlenda höfunda.

Haustsýningunni lýkur á sunnudagskvöld og fer því hver að verða síðastur að sjá hana. Sýningin er opin í dag frá kl. 16-22 en á laugardag og sunnudag frá kl. 14-22.



Meistari Braque við vinnu sína. Um hann fjallar ein kvikmyndanna sem sýnd verður að Kjarvalsstöðum í kvöld.